

Samþykkt um símenntunar/starfsþróunarsjóði aðildarfélaga

Sjötta þing KÍ haldið 1.-4. apríl 2014 samþykkir að stjórn KÍ skipi fulltrúa, frá öllum aðildarfélögum KÍ sem semja við samninganefnd sveitarfélaga (SNS), í starfshóp sem hefur það hlutverk að kanna kosti þess og galla að sameina þá sjóði sem starfa á vegum aðildarfélaga KÍ og veita styrki til símenntunar og starfsþróunar félagsmanna. Núverandi regluverk sjóðanna er ólíkt bæði hvað varðar flokka og upphæðir styrkja. Þetta þýðir að félagsmenn KÍ, sem jafnvel starfa innan sömu skóla, búa við mismunandi starfskjör hvað starfsþróun/símenntun varðar og getur það kallað á samanburð og ójafnræði auk þess að rýra samstarfsmöguleika. Aðrir sjóðir sem félagsmenn KÍ geta sótt um styrki til eru sameiginlegir sjóðir allra félagsmanna og starfa á vegum KÍ; orlofssjóður, sjúkrasjóður og vinnudeilusjóður.

Starfshópurinn skal skila greinargerð til stjórnar KÍ sem kynnt verður á næsta þingi KÍ.

Starfshópurinn leiti eftir samvinnu við stjórn Vísindasjóðs FF og FS um þetta verkefni.

Greinargerð:

Þegar KÍ var stofnað fyrir 14 árum var markmiðið að hafa einungis einn sjóð og stofnþingið kvað á um það. Það gekk ekki eftir þar sem þingi KÍ 2002 fannst það of stórt skref samhliða öðrum breytingum sem sameining kennarafélaganna hafði í för með sér. Margt hefur breyst á þessum tíma, t.d. er það staðreynd að menntakerfið er að renna meira í eitt og samstarf verður ríkari þáttur í skólastarfi.

Það er skylda þeirra sem eru í forystu fyrir KÍ að vera stöðugt vakandi fyrir því að rýna í skipulag og starfsemi KÍ og þjónustu við félagsmenn - og ávallt með hagkvæmni og hagsmuni félagsmanna í huga. Greinargerð gæti væntanlega svarað spurningunni hvort hægt væri að auka ávinning félagsmanna með því að sameina sjóðina í stað þess að reka fjóra nokkuð sambærilega sjóði með mismunandi reglum, fjórum stjórnnum og öllu sem því fylgir í utanumhaldi og umsýslukostnaði. Burt séð frá því hvort eða hvaða skref yrðu tekin í framhaldinu þá yrði inntak greinargerðarinnar sjálfrar ávinningur, hún myndi t.d. varpa skýru ljósi á hvað er líkt og ólíkt hjá sjóðunum og slíkar upplýsingar eru t.d. eitthvað sem sjóðir eiga að vera meðvitaðir um á hverjum tíma.